



MAIN PATH - Q1 PAIRINGS		
1	FK VELEŽ MOSTAR (BIH)	INTER CLUB D'ESCALDES (AND)
2	FLORIANA FC (MLT)	SP TRE PENNE (SMR)
3	FC TORPEDO (BLR)	FC MILSAMI ORHEI (MDA)
4	FA ŠIAULIAI (LTU)	FCI LEVADIA TALLINN (EST)
5	BALA TOWN FC (WAL)	PAIDE LINNAMEESKOND (EST)
6	FC ISLOCH MINSK REGION (BLR)	LA FIORITA 1967 (SMR)
7	CAERNARFON TOWN FC (WAL)	CRUSADERS FC (NIR)
8	JK TALLINNA KALEV (EST)	FC URARTU (ARM)
9	VALUR (ISL)	KF VLLAZNIA (ALB)
10	FCB MAGPIES (GIB)	DERRY CITY FC (IRL)
11	FC MALISHEVA (KOS)	FK BUDUČNOST PODGORICA (MNE)
12	ATLÈTIC CLUB ESCALDES (AND)	F91 DIDDELENG (LUX)
13	MARSAXLOKK FC (MLT)	FK PARTIZANI (ALB)

Dregið í Evrópukeppnum félagsliða

Þriðjudaginn 18.júní var dregið í forkeppni Evrópukeppni félagsliða þar sem fjögur íslensk lið voru í pottinum. Víkingur tekur þátt í forkeppni Meistaradeildarinnar og var í hópi 2 í drættinum og gat dregist á móti HJK Helsinki, FC Flora Tallinn, Kí Klaksvík, Shamrock Rovers og FC RFS frá Lettlandi.

Svo fór að Víkingur dróst gegn Shamrock Rovers frá Írlandi og leikur gegn þeim dagana 9/10 júlí og 16/17 júlí. Víkingur er sem stendur í sæti 320 á styrkleikalista UEFA á meðan Shamrock Rovers sem hefur unnið írsku deildina í 21 skipti er í sæti 154 á sama lista. Shamrock hefur safnað stigum á listanum öll tímabilin frá 2019 en Víkingar hafa hins vegar safnað stigum á þremur tímabilum af fimm. Breiðablik, sem er eina íslenska liðið sem hefur safnað stigum á öllum 6 tímabilunum er í 159 sæti styrkleikalistans og liðið vann einmitt Shamrock tvívegis á síðasta tímabili, 2-1 í Kópavogi og 1-0 á útivelli.

Vinni Víkingur einvígið gegn Shamrock bíður þeirra viðureign gegn Sparta Prag en tapi þeir viðureigninni bíður þeirra 2.umferð forkeppni Sambandsdeildarinnar.

Breiðablik, Stjarnan og Valur leika öll í forkeppni Sambandsdeildarinnar, þeirrar sömu og Blikar léku í riðlakeppni á síðasta ári.

Breiðablik dróst gegn GFK Tikvesh frá Norður-Makedóníu en liðið hefur ekki tekið þátt í Evrópukeppni á undanförunum árum. Vinni Breiðablik þessa viðureign mun liðið leika gegn FC Drita frá Kosóvó í næstu umferð.

Stjarnan dróst gegn Linfield frá Norður Írlandi sem hefur verið tíður gestur í Evrópukeppnum á undanförunum árum og hefur unnið deild og bikar margoft í heimalandinu. Með sigri leikur Stjarnan gegn Bala Town FC frá Wales í næstu umferð.

Valur dróst svo gegn KF Vllaznia frá Albaníu sem hefur tekið þátt í Evrópukeppninni undanfarin 4 ár. Vinni Valur þá viðureign bíður þeirra St.Mirren frá Skotlandi.

Allir leikirnir í forkeppni Sambandsdeildarinnar eru leiknir dagana 11. og 18. júlí.

Dregið verður í forkeppni Meistaradeildar kvenna þann 5.júlí n.k. þar sem Valur og Breiðablik verða í pottinum.



Blikar fagna sögulegum árangri á síðasta tímabili



Skoðanakönnun á meðal leikmanna vegna veðmalapáttöku

ÍTF framkvæmdi á dögnum skoðanakönnun á meðal leikmanna í Bestu deild karla þar sem spurt var um þáttöku þeirra í veðmalum hvers konar og getraunaleikjum. Könnunin er gerð af sænskri fyrirmynd eins og áður hefur komið fram og er hluti af verkefni sem snýr að fræðslu um veðmalapáttöku og hagræðingu úrslita.

Helstu niðurstöður könnunarinnar gefa sterklega til kynna að mikill meirihluti leikmanna í Bestu deild karla taki þátt í einhvers konar veðmalum eða getraunaleikjum og meirihluti þeirra veðji á fótboltaleiki í gegnum erlendar veðmalasíður. Það vekur sérstaka athygli að aðeins sáralítill hluti leikmanna segist veðja á íslenska fótboltaleiki og er það auðvitað jákvætt gefi það rétta mynd af raunveruleikanum.


10% leikmanna hafa glímt við andlega vanlíðan vegna veðmála og er það í samræmi við niðurstöður úr könnun sem gerð var á meðal leikmanna í sænsku deildinni, Allsvenskan.

Nálægt helmingur leikmanna hefur fengið einhverja fræðslu um hugsanleg tengsl veðmála og hagræðinu úrslita í fótboltaleikjum og um 40% leikmanna væri tilbúinn til að sækja slíka fræðslu ef hún myndi standa til boða.

Mikill meirihluti leikmanna, eða um 75%, telur að tíðni fjárhættuspila eða veðmála leikmanna sé mikil eða mjög mikil sem er vísbending um að almennt viðhorf leikmanna er að margir séu að stunda veðmál og þá á fótboltaleiki.

Líkt og áður hefur komið fram er könnunin liður í verkefni sem ÍTF hefur ákveðið að framkvæma að sænskri fyrirmynd og er ætlað að fræða leikmenn um tengsl veðmála og hagræðingu úrslita.

Telur þú að tíðni fjárhættuspila/veðmála á meðal íslenskra knattspyrnumanna sé:



Mikill meirihluti leikmanna telur að tíðni veðmála sé mikil



Vestri fagnaði sigri í úrslitaleik um sæti í Bestu deildinni á síðasta tímabili

Aðsókn að Lengjudeildum

Aðsókn á leiki í Lengjudeildunum hefur verið afar svipuð og hún var á síðasta tímabili miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja frá síðasta ári.

Fyrstu umferðirnar í Lengjudeild karla voru afar góðar og stefndi í nokkuð meiri aðsókn heldur en á síðasta tímabili. Flestir áhorfendur voru í 4 umferðinni eða 335 áhorfendur að jafnaði á leik en aðsókn á síðustu þrjár umferðir hefur verið nokkuð dræm og umtalsvert minni heldur en í sömu umferðum á síðasta tímabili.

Sama má segja um aðsóknina á Lengjudeild kvenna, mjög góð aðsókn á fyrstu leikina en í undanföllum umferðum hefur aðsókn dregist verulega saman. Flestir áhorfendur voru í fyrstu umferðinni eða 153 áhorfendur að jafnaði á leik en þeim hefur fækkað nokkuð og voru aðeins um 70 í síðustu umferð. Í heildina er þó aðsókn á leikina umtalsvert betri samanlagt heldur en hún var eftir 6 umferðir á síðasta ári og það er ánægjulegt þróun.

Flestir áhorfendur hjá Breiðablik og Fylki

Að loknum 10 umferðum í Bestu deild karla og 8 umferðum í Bestu deild kvenna þá eru flestir áhorfendur að jafnaði hjá Breiðablik í BD karla og hjá Fylki í BD kvenna.

Hjá Breiðablik hafa verið að jafnaði 1.486 áhorfendur á leik í BD karla og hjá Fylki hafa verið 431 áhorfandi á leik í BD kvenna. Á leik Breiðabliks gegn Víkingi mættu 2.215 áhorfendur og er það áhorfendamentið það sem af er sumri í BD karla. Á leik Fylkis gegn Þrótti mættu 749 áhorfendur og það er áhorfendamentið í BD kvenna í sumar.

Athyglisvert er að nýliðarnir í BD kvenna skipta tvö efstu sæti hvað varðar áhorfendur en á heimaleiki Víkings hafa 360 áhorfendur verið að jafnaði á leik.



Wurth völlum er einn glæsilegasti völlum landsins



Ólöglegt streymi á sjónvarpsútsendingum

Notkun á ólöglegri sjónvarpsþjónustu er þekkt fyrirbæri og gríðarlega útbreitt um allan heim, ekki síst er ýmsu íþróttæfni sem er í áskriftarsjónvarpi streymt um víðan völl og ávallt virðist vera risastór markaður fyrir þjófnað af þessu tagi. Eigendur réttinda eru í stökustu vandræðum með þessa ólöglegu starfsemi og samkvæmt viðtali við Eirík Stefán Ásgeirsson, forstöðumann íþróttadeildar hjá Stöð 2 og tengdum miðlum, í Morgunblaðinu nýlega er gert ráð fyrir því að á Íslandi séu um 25-30% heimila sem nýta slíka ólöglega starfsemi. Miðað við það hlutfall gætu það verið hátt í 40 þúsund heimili á Íslandi sem eru beinlínis að stunda ólöglega starfsemi sem felst í þjófnaði á réttindum með þessum hætti.

Lítið er reyndar tekið á slíkri ólöglegri starfsemi í íslenskrum löggjöf en hins vegar virðast vera blikur á lofti í evrópsku umhverfi og hafa nýverið fallið dómur í þágu þeirra sem með réttindi fara, s.s. Premier League í Englandi og La Liga á Spáni.

Í maí 2023 féll dómur í Englandi þar sem einstaklingar sem héldu úti þremur „sjóræningjastreymum“ sem buðu ólöglegan aðgang að ensku úrvalsdeildinni voru dæmdir samtals í ríflega 30 ára fangelsi. Um var að ræða 5 aðila sem héldu úti þessum ólöglegu streymisrásum og voru þeir dæmdir fyrir samsæri um svik, peningabætti og fleira en áætlað er að reksturinn hafi skilað ríflega 7 milljónum punda eða um 1,2 milljörðum króna.

Forsprakki þessa ólöglega streymisrása var dæmdur í 11 ára fangelsi en upphaf ákæru á hendur þessum aðilum má rekja til forsvarmanna Premier League sem óskuðu eftir rannsókn á fjölmörgum streymisrásum sem voru að sýna beint frá leikjum í deildinni. Athyglisvert er að fjármunir sem þessir aðilar fengu í gegnum þessa ólöglegu starfsemi voru svo nýttir til annarrar ótengdrar ólöglegrar starfsemi og bent var í dómnum að kaupendur þjónustunnar voru þar með þátttakendur í annarri skipulagðri glæpastarfsemi.

Dómurinn markar ákveðin tímamót og sagði lögmaður Premier League að með úrskurðinum væri verið að viðurkenna mikilvægi þess að standa vörð um réttindi deildarinnar og að deildin myndi áfram halda að láta rannsaka og lögsækja ólöglega aðila.



Þessi slakaði á þegar lögregla í London gerði húsleit vegna ólöglegs streymis – Hann situr nú í fangelsi

Annar tímamótadómur var felldur á Spáni á þessu ári þar sem heimilað var að beinlínis eltast við þá sem eru að taka á móti ólöglegu efni, ekki aðeins þá sem eru að selja efnið heldur líka þá sem eru að kaupa ólöglega þjónustu. M.ö.o. þá hafa yfirvöld nú heimild til þess að leita uppi þá aðila sem eru að kaupa þjónustuna og beita þá viðurlögum.

Dómurinn á Spáni er felldur vegna þrýstings frá La Liga um að yfirvöld myndu bregðast við gríðarlegum stuldi á efni frá deildinni í formi ólöglegra útsendinga. Spænsk netþjónustufyrirtæki verða nú að afhenda upplýsingar um notendur sé þess óskað og er yfirvöldum heimilt að rekja IP tölur notenda sem nota netþjón sem deilir ólöglegu efni og hægt er að lögsækja hvern og einn sem nýtir sér slíka ólöglega starfsemi.

Það að hægt sé að lögsækja og elta uppi jafnframt notendurna í meira mæli en áður er sagt vera fordæmisgefandi fyrir önnur lönd og aðrar deildir og það er gríðarlega mikilvægt vopn þeirra sem eiga réttindin sannarlega.

Vonandi fylgist íslenskur löggjafi með þróuninni annars staðar og bregst skjótt við í þeirri baráttu að standa gegn ólöglegu streymi á réttindavörðum sjónvarpsútsendingum.



Ólögleg tölfræðisöfnun á leikjum á Íslandi

Íslensk knattspyrnufélög eru með samning við fyrirtækið Genius Sports um tölfræðisöfnun og upplýsingagjöf af knattspyrnuleikjum í efstu deildum karla og kvenna. Fyrirtækið sendir fulltrúa á alla leiki í efstu deildum, þeir aðilar eru merktir Genius Sports og hafa fulla heimild til þess að safna upplýsingum úr leikjunum og senda þær upplýsingar áfram til kaupenda víðs vegar í Evrópu og í heiminum.

Aðrir aðilar en þeir sem eru á vegum Genius Sport hafa **ekki heimild** til þess að safna slíkum upplýsingum og senda áfram. Þeir eru með athæfi sínu að brjóta gegn vörðum réttindum íslenskra knattspyrnufélaga, réttindum sem félögin hafa lagt gríðarlega vinnu í að verja og fá greitt fyrir til eflingar á íslenskri knattspyrnu. Fyrirtækin sem eru að stela þessum réttindum hafa aðila hér innanlands sem stunda þessa iðju, s.s. Sportradar og Runningball og það eru íslenskir fulltrúar þessara fyrirtækja sem sjá hag sinn í því að stela réttindum félaganna.

Oftar en ekki eru þessir ólöglegu aðilar með litla handtölvu/síma/smátölvu sem þeir setja upplýsingar í og senda svo áfram.

Það er gríðarlega mikilvægt að allir sem að koma, framkvæmdaaðilar leikja, þ.e. félögin sjálf, stuðningsmenn og starfsmenn leikjanna taki á þessari iðju og vísi þessum aðilum út af leikvöllunum séu þeir gripnir við það að safna þessum upplýsingum saman og senda frá sér til annarra aðila.

ÍTF og íslensk knattspyrnufélög hvetja til þess að spornað verði við þessari iðju, áhorfendur tilkynni starfsmönnum leiksins verði þeir varir við slíka starfsemi og að starfsmenn leikjanna vísi viðkomandi af leikjunum. Það eru gríðarlegir fjármunir í húfi og mikilvægt að ekki komi til þess að örfáir aðilar hér innanlands komist upp með það í ósvífn sinni að hagnast á því að stela vörðum réttindum í íslenskum fótbolta.



Genius Sports er réttthafi á tölfræðiupplýsingum




Sendisveit íslandsmeistara Víkings á fræðslufundi UEFA

Fræðslufundur UEFA með félögum um Evrópukeppnir

Þriðjudaginn 11. júní var haldinn fræðslufundur með félögum í Bestu deild með fulltrúum UEFA í húsakynnum KSÍ. Tilefnið var að kynna nýtt fyrirkomulag á Evrópukeppnum, regluverk UEFA fyrir félagsliðin sem taka þátt í Evrópukeppni, framkvæmd leikja og fleira í þeim dúr en flest félögin sendu fulltrúa sína til fundarins. Á fundinum var jafnframt rætt um fjármál keppnanna og hlutdeild til íslenskrar félagsliða á næstu árum, reglugerðir í kringum lyfjamál og réttindamál UEFA keppnanna.

Tveir fulltrúar UEFA, Tom Barlow og Nicolaus Marshall voru með fræðsluerindi á fundinum en auk þeirra voru með innlegg á fundinn þeir Birgir Sverrisson, framkvæmdastjóri Lyfjaeftirlits Íslands, sem greindi frá ýmsum þáttum er snúa að lyfjareglum og Úlfar Hinriksson frá Breiðablik sem fór yfir hlutverk gestgjafa í leikjum í Evrópukeppninni.

Fundurinn var skipulagður í samráði ÍTF og KSÍ.



Tom Barlow, sá hinn sami og sá um dráttinn í forkeppni Evrópukeppnanna, fór yfir málin.



Real Madrid varð Evrópumeistari á dögnum og fékk fyrir það 90 milljónir Evra eða um 13,5 milljarða króna

Fjármunir íslenskra liða í Evrópukeppninni 2024

Greiðslur UEFA til félagsliða sem taka þátt í Evrópukeppninni hafa tekið nokkrum breytingum til hins betra fyrir okkar félög enda eru greiðslurnar almennt að hækka.

Heildartekjur UEFA vegna Champions League, European League og Conference League eru áætlaðar 4,4 milljarðar Evra eða nálægt 670 milljörðum íslenskra króna.

Samstöðubætur – Þróun ungra leikmanna á afreksstigi.

7% af þessum tekjum fara til þeirra félagsliða sem ekki taka þátt í riðlakeppni Evrópukeppinnar, svokallaðar Solidarity Payments sem ætlaðar eru til þróunar ungra leikmanna á afreksstigi. Hefur hér á Íslandi ranglega verið kallað barna – og unglíngastyrkur en þessir fjármunir eru ætlaðar einvörðungu til þróunar leikmanna sem eru á afreksstigi frá 15-16 ára aldri. Þessir fjármunir voru 4% af heildartekjum UEFA af keppnunum en vegna þrýstings frá European Leagues og ECA var hlutfallið hækkað í 7% sem þýðir að tekjur liða í Bestu deild karla vegna þessa hækka umtalsvert og er reiknað með að þær verði ríflega 2,2 milljónir EUR sem skiptast á milli liðanna 12 í deildinni, eða á bilinu 25-27 milljónir króna á hvert lið. 8 lið í Bestu deild kvenna (Valur og Breiðablik undanskilin) fá núna 12.500 EUR hvert lið eða um 1,9 milljónir króna.

Forkeppni Evrópukeppinnar – þátttaka íslensku liðanna.

3% af tekjum keppnanna fara til þeirra félagsliða sem taka þátt í forkeppni Evrópukeppnanna þar sem 4 íslensk lið taka þátt, þ.e. Víkingur, Valur, Breiðablik og Stjarnan.

0,57% fer í meistaradeild kvenna og evrópu deild kvenna (fyrst árið 2025) en Valur og Stjarnan taka þátt í meistaradeildinni í ár.


Greiðslur fyrir hverja umferð í Evrópukeppninni hækka úr 100 þús EUR fyrir hverja umferð í 175 þús EUR fyrir umferðina og svokallaður elimination bonus (lið sem detta út úr viðkomandi umferð) verður sá sami eða 150 þús EUR.

Þetta þýðir m.ö.o. lágmarksgreiðslur til Breiðabliks, Vals og Stjörnunnar í karlaflokki verða 325 þús EUR ef þau detta út í fyrstu umferð forkeppinnar. Komist liðin í 2 umferð fá þau 525 þús EUR. Lágmarksgreiðsla til Víkings verður 960 þús EUR eða ríflega 140 milljónir króna.

Það er svo til mikils að vinna að komast í riðlakeppnina þar sem jafntefli gefur 133 þús EUR og sigur gefur 400 þús EUR.

Afar ánægjulegt að sjá að barátta deildasamtaka sem ÍTF er aðili að, þ.e. European Leagues, er að skila sér í hærri tekjum til „minni“ félaga í Evrópu, þ.e. þeirra félaga sem ekki eiga nánast fast sæti í riðlakeppnum Evrópukeppnanna.






Umtalsverð aukning áhorfendafjölda í Bestu deild karla

Að loknum 9 umferðum í Bestu deild karla hefur áhorfendum fjölgað um 16% frá síðasta ári og áhorfendafjöldi er meiri í öllum umferðum nema einni, 7.umferð, í samanburði við tímabilið 2023.

Flestir áhorfendur voru í fyrstu umferðinni en þeim hefur fækkað nokkuð að meðaltali í hverri umferð að undanskilinni 9.umferð sem var með góða mætingu á vellina.

Hér að ofan má sjá áhorfendafjölda í hverri umferð samanborið við tímabilið 2023 og til hliðar má sjá þróunina í hverri umferð.

Ánægjuleg þróun sem vonandi heldur áfram út tímabilið.



Besta deild karla í toppbaráttunni um gefin spjöld


Tölfræðisíða ein sem heldur utan um ýmsar upplýsingar er varða knattspyrnudeildir, s.s. mörk skorud, gul og rauð spjöld gefin í deildarkeppni, fjölda hornspyrna o.s.frv. Athyglisvert að skoða t.d. fjölda gulra og rauðra spjalda í deildunum en þar er Besta deild karla í nokkuð sérstökum hópi, er með að meðaltali núna 5,64 gul spjöld í leik og það er aðeins Bólívía, Brasilía, Argentína og Chile sem eru með fleiri gul spjöld að jafnaði í leik, frá 5,7 – 6 að jafnaði í leik. Af 10 efstu deildunum eru 7 frá Suður Ameríku og svo þrjár Evrópskar deildir, Besta deild karla, efsta deildin í Norður Makedóníu og efsta deild í Grikklandi.

Hvort þessi staða segir eitthvað um grófleika fótboltans eða spjaldagleði dómara skal ekki sagt og hverjum og einum frjálst að túlka að vild enda fyrst og fremst tölfræði sem sett er fram til gamans.

League	GP	YEL	Av
1 Bolívia - Primera Division	96	583	6.07
2 Brazíl - Serie A	62	370	5.97
3 Argentína - Primera Division	52	299	5.75
4 Chile - Primera Division	117	665	5.68
5 Ísland - Urvalsdeild	56	316	5.64
6 Brazíl - Serie C	61	344	5.64
7 North Macedonia - First League	198	1116	5.64
8 Urugúay - Primera Division	118	661	5.60
9 Chile - Primera B	118	646	5.47
10 Greece - Super League	240	1301	5.42



Áhorfstölur í Bestu deild kvenna - 8 umferðir



Áhorfendafjöldi nánast sá sami eftir 8 umferðir í Bestu deild kvenna

Að loknum 8 umferðum í Bestu deild kvenna er áhorfendafjöldi nánast sá sami og var á síðasta tímabili eftir sama fjölda umferða. Árið 2023 var áhorfendafjöldinn 8.789 eftir 8 umferðir eða um 220 áhorfendur að meðaltali á leik en nú er áhorfendafjöldinn 8.806 eða rétt ríflega 220 áhorfendur að meðaltali á leik.

Langflestir áhorfendur voru í 1.umferð deildarinnar, eða 1.807.

Í síðustu þremur umferðum hefur áhorfendafjöldi verið nokkur minni heldur en var í sömu umferðum árið 2023 eins og sést á myndinni hér að ofan. Fyrstu 5 umferðirnar lofuðu nokkuð góðu þar sem fjölgunin var um 10% sé miðað við sama tíma á tímabilinu 2023 en síðan hefur nokkuð dregið úr aðsókn.

Það er verðugt verkefni að fjölga áhorfendum á leikjum deildarinnar og vonandi tekst að ná því markmiði í næstu umferðum.

Breyting á fyrirkomulagi Evrópukeppnanna

UEFA hefur kynnt nýtt fyrirkomulag á Evrópukeppnum félagsliða, breytingar taka gildi á komandi tímabili, þ.e. 2024 á karlakeppnunum, Champions League, Europa League og Conference League, en á næsta tímabili í kvennakeppninni þar sem við bætist ný keppni.


Hér má nálgast ágætis skýringamyndband um hvernig keppnirnar eru að breytast karlamegin.

[New format for Champions League post-2024: Everything you need to know | UEFA Champions League | UEFA.com](#)

Í stuttu máli og með nokkurri einföldun má segja að nýtt fyrirkomulag á keppnunum muni auka möguleika íslenskra félagsliða verulega á því að ná í riðlakeppni evrópukeppnanna.

Í öllum keppnunum mun liðum fjölga í riðlakeppninni úr 32 í 36 sem augljóslega gefur okkur meiri möguleika. Allra stærstu liðin munu þurfa að leika gegn umtalsvert veikari liðum, t.d. í Champions League þar sem liðunum verður skipt upp í 4 styrkleikaflokka og hvert lið þarf að leika við tvö lið úr hverjum styrkleikaflokki, samsagt 8 leiki og það er ekki leikið heima og heiman við sama liðið. Þetta gefur liðunum sem eru í neðsta styrkleikaflokknum tækifæri til þess að spila tvo leiki gegn liðunum sem sterkust eru í Evrópu hverju sinni. Hver leikur mun skipta meira máli heldur en áður og þau 36 lið sem eru í riðlakeppninni eru að spila í deild þar sem 8 efstu liðin að lokinni „deildakeppninni“ fara beint inn í 16 liða úrslit og næstu 16 lið leika play-offs leiki um næstu 8 sæti í 16 liða úrslitunum.

Mjög spennandi fyrirkomulag sem ætti að bæði auka okkar möguleika á að komast lengra auk þess sem fleiri skemmtilegir leikir verða fyrir í keppnunum.



Víkingar taka þátt í forkeppni Champions League en Breiðablik, Valur og Stjarnan taka þátt í forkeppni Conference League.

Á næsta ári mun svo bætast við ný keppni hjá stúlkunum sem jafnframt mun auka möguleika íslenskra liða til þess að ná lengra í keppnunum. Endanleg útfærsla á nýrri keppni liggur ekki fyrir en verður kynnt fljótlega.



Athyglisverðir punktar úr samanburði deilda í Evrópu

European Leagues (samtök deilda í Evrópu) og World League association (samtök deilda um allan heim) gefa út árlega skýrslu þar sem gerður er samanburður á milli deilda víðs vegar úr heiminum og þ.á.m. eru sérstaklega teknar saman upplýsingar frá deildunum í Evrópu. Í byrjun kom út ný skýrsla sem byggir á upplýsingum vegna ársins 2023 og má finna hana í heild hér [Benchmark-Report-2024.pdf](#) (europeanleagues.com)

Mjög athyglisverðar upplýsingar sem þarna koma fram og má nefna nokkur atriði sem vert er að vekja athygli á:

- Af 32 deildum úr Evrópu eru spilaðir fæstir leikir í efstu deild, Bestu deild karla (27), ásamt Möltu (26), Finnlandi (27) og Kasakstan (26). Belgía og Rúmenía spila flesta leiki í efstu deild eða 40 og svo eru allmörg lönd með 38 leiki.
- Aðeins tvö deildarsamtök í Evrópu sjá um bæði efstu deild karla og kvenna, þ.e. ÍTF með Bestu deildirnar og svo Belgía sem er með svipað módel.
- Aðeins Skotland er með fleiri áhorfendur að meðaltali á leiki í efstu deild heldur en Besta deild karla sé miðað við fólksfjölda. Að jafnaði eru um 0,33% af íbúafjölda Skotland á hverjum leik í deildinni, 0,22% af íbúafjölda Íslands sækir hvern leik að jafnaði í Bestu deild karla. Þar á eftir koma Danmörk og Sviss.
- Vægi atkvæða deildasamtaka á ársþingum knattspyrnusambanda er afar misjafnt eftir löndum. Allt frá því að vera um og yfir 30% (m.a. Danmörk, Skotland og Svíþjóð) niður í 10% eða minna (m.a. Ísland, Kasakstan og Albanía).
- Formenn deildasamtaka eru í nokkrum tilfellum sjálfkrafa varaformenn knattspyrnusambanda.

- Á Íslandi má hins vegar ekki skv. lögum KSÍ stjórnarmaður úr félagi vera í stjórn KSÍ.
- Írland er eina deildin sem er með nokkurs konar launapak. Heildarlaunakostnaður má ekki vera hærri heldur en 65% af veltu félaganna og eru viðurlög við því að standast ekki þær kröfur í leyfiskerfinu á Írlandi.
- La Liga hefur flesta fylgjendur á samfélagsmiðlum eða 88 milljónir á Facebook. Premier League er með 72,5 milljónir fylgjenda á Instagram og þessar tvær deildir eru þær einu sem eru með fleiri fylgjendur heldur en íbúar landsins eru. Kemur ekki á óvart að næstu deildir þarna á eftir eru með mun færri fylgjendur, Bundesliga með 15 milljónir og franska deildin með 14 milljónir fylgjenda.



TEAM	MP	W	D	L	F	A	D	P
1. Víkingur Reykjavík	27	21	3	3	76	30	+46	66
2. Víkur	27	17	4	6	66	35	+31	55
3. Stjarnan	27	14	4	9	55	29	+26	46
4. Breiðablik	27	12	5	10	52	49	+3	41
5. FH	27	12	4	11	49	54	-5	40
6. KR	27	10	7	10	38	48	-10	37
7. KA	27	12	5	10	42	45	-3	41
8. Fylkir	27	7	8	12	43	55	-12	29
9. HK	27	6	9	12	41	55	-14	27
10. Fram	27	7	6	14	40	56	-16	27
11. BÍV	27	6	7	14	31	50	-19	25
12. Keflavík	27	2	10	15	27	54	-27	16